

REGLUR UM ÞJÓNUSTUSAMNINGA REYKJAVÍKURBORGAR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA

Reglur þessar taka til þjónustusamninga og úthlutunar fjármuna Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla í Reykjavík, sbr. lög um tónlistarskóla nr. 75/1985 og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr.529/2000. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlög frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

Skilgreining tónlistarskóla samkvæmt lögum

Tónlistarskóli er skilgreindur í fyrstu grein laga nr. 75/1985. Þar segir:

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara,
2. starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum,
3. kennir samkvæmt námsskrá útgefinni af menntamálaráðuneyti eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins ef námsskrá skortir. Hverjum nemanda skal veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku. Auk þess séu a.m.k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur);
4. hefur a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar;
5. hefur hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

1. gr. Grundvöllur þjónustusamninga Reykjavíkurborgar og tónlistarskóla

Markmið reglnanna er:

- Að stuðla að faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu tónlistarnámi fyrir Reykvíkunga.
- Að tryggja að hjá tónlistarskólunum starfi fagfólk sem hefur menntun og hæfni til að sinna tónlistarkennslu.

Þjónustusamningar tónlistarskóla og Reykjavíkurborgar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Áður en þjónustusamningur tekur gildi þarf að liggja fyrir sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
- Samþykktir fyrir skóla þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, fjármögnun, s.s stofnsamþykktir eða skipulagsskrá, skal senda Menntasviði Reykjavíkurborgar, undirrituðum af stjórn/skólanefnd skólans. Jafnframt skal fylgja með þriggja ára fjárhagsáætlun skólans.

2. gr. Réttindi og skyldur

Menntasvið Reykjavíkur ber ábyrgð á að greiða tónlistarskólum framlag í samræmi við þá þjónustusamninga sem í gildi eru hverju sinni. Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning.

Þrátt fyrir þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla ber Menntasvið hvorki fjárhagslegar né lagalegar skyldur eða ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gerður hefur verið þjónustusamningur við.

3. gr. Skilyrði um kennslu og nemendafjölda

Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir samning við skal uppfylla eftirfarandi skilyrði um kennslu og nemendafjölda:

- Tónlistarskóli geri starfsáætlun skv. nánari viðmiðum Menntasviðs og sendir Reykjavíkurborg í seinasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf skólaárs.
- Skólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi 32 klukkustundir á ári í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, en skal þó aldrei kenna færri en 30 klukkustundir á ári. Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.
- Skólinn þarf að hafa a.m.k. 150 nemendur sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa skv. Aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- Lögð er áhersla á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla um kennslu nemenda upp að 11 ára aldri. Skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna nemenda þarf til að taka nemendur út úr tímum grunnskólans í tónlistarkennslu.

4. gr. Upplýsingagjöf og eftirlit

- Menntasvið getur krafið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil. Með fjárhagsáætlun fylgi yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Eins komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp.
- Tónlistarskóli sendir Menntasviði ársreikning sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknissskilavenju 1. júní ár hvert. Reikningar séu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum eða þeim sem setur upp reikninginn og yfirfer bókhald.
- Greinargerð um skólastarf síðasta árs skal skila til Menntasviðs 1. júlí árlega. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjöldi nemenda, fjöldi kennara og stöðugildi, fjöldi áfangaprófa, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi og annað það sem tónlistarskólar vilja taka fram.
- Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnýsluúttekt á skólum.

5. gr. Menntun skólastjórnenda og kennara

- Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- Menntun skólastjóra skal vera Tónlistarskólakennari IV hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara IV.

6. gr. Samningstími

- Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og nýrra tónlistarskóla er gerður til eins árs í senn. Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára. Stefnt skal að því að endurnýja þriggja ára þjónustusamninga hálfu ári áður en þeir falla úr gildi. Eldri samningur gildir út samningstímann.

7. gr. Úthlutun fjármagns til tónlistarskóla

- Menntaráð tekur ákvörðun um styrkveitingar til tónlistarskóla.
- Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma Menntasviðs og geta þjónustukaup af skólunum því orðið meiri eða minni en kemur fram hér að neðan.
- Við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla skal tekið tillit til gildandi úthlutunar, en framlög verða þó aldrei hærrí en fjöldi nemenda sem eru með lögheimili í Reykjavík og kennslumagn vegna þeirra gefur tilefni til.
- Ef tónlistarskólar hætta eða nemendum fækkar í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi nemendafjölda til annarra skóla.
- Úthlutun miðast við að tónlistarskólanemandi í fullu námi fái að minnsta kosti 30 klukkustundir á ári í aðalnámsgrein, auk hliðargreina. Skóli getur kennt aðalnámsgrein í minni hópum, sbr. 3. grein þessara reglna.

8. gr. Ákvörðun um nýjan tónlistarskóla

- Menntaráð tekur ákvörðun um þjónustusamning við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir störfum.
- Í ofanefndum tilvikum má auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skólum.
- Menntaráð getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150), að loknum aðlögunartíma þessara reglna, ef um að ræða þjónustu við borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati Menntasviðs, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur með sérstakar þarfir. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir menntaráð.

9. gr. Samræmd skráning

- Innritun í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi fyrir alla borgina

10. gr. Kaup á viðbótarþjónustu

- Menntaráð getur samkvæmt nánari reglum keypt viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal sérstaklega slík kaup á viðbótarþjónustu.

11. gr. Vanefndir á þjónustusamningi

- Ef rökstuddur grunur er um að skóli standist ekki kröfur getur Menntasvið stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu menntamálaráðuneytis
- Berist ársreikningur ekki á tilsettum tíma getur Menntasvið stöðvað greiðslur til viðkomandi tónlistarskóla.
- Berist greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs ekki á tilsettum tíma getur Menntasvið stöðvað greiðslur til viðkomandi tónlistarskóla.

12. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 og taka gildi við staðfestingu borgarráðs.